

10. fundur 25. janúar 2021

Dagskrá:

1. Framkvæmdir, fjárfestingar, fjárhagsáætlun 2021.
Farið yfir fjárhagsáætlun 2021 og hún samþykkt með heimild að auki til að ráða starfsmann með styrk frá Atvinnuleysistryggingasjóði í 6 mánuði til sérverka og til kynningar á félaginu út á við, þá var samþykkt að halda sömu fjárfestingarstefnu og undanfarin ár.
 2. Samþykkt að leggja til að Enor ehf sjái um endurskoðun 2021.
 3. Tillaga fyrir aðalfund að leggja 3 milljónir í vinnudeilusjóð.
 4. Tillaga um að laun stjórnar og trúnaðarráðs verði kr 27.000.- 2021 og verður það lagt fyrir aðalfund.
 5. Orlofshús
Nokkur umræða var um orlofshúsin almennt, en sama framboð verður 2021 og var 2020.
 6. Aðalfundur 2021
Rætt um að halda aðalfundinn rafrænt ef ekki annað er í boði varðandi fjöldatakmarkanir.
Samþykkt að halda hann 1. mars n.k
 7. Eiður kynnti tilboð frá Advania í myndfundarbúnað.
Samþykkt að skoða þetta nánar, þótti heldur dýrt.
- Fleira ekki gert og fundi slitið.